



# 55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 19 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

## Breytingartillaga 19a

### Reglugerð um körfuknattleiksmót

#### Breytingartillaga 19a

##### 15. grein

##### ERLENDIR LEIKMENN

Í úrvalsdeild karla og kvenna í tveimur efstu deildum karla og kvenna gildir eftirfarandi:

- Á leikvelli hverju sinni má mest vera **tveir** leikmaður í hvoru liði sem ekki er ríkisborgari EES ríkis **á meðan leiklukka gengur.**

Í bikarkeppni og meistarakeppni KKÍ gilda sömu reglur og í úrvalsdeild tveimur efstu deildum karla og kvenna.

Í öðrum deildum meistaraflokka gildir að á leikvelli hverju sinni má mest vera einn leikmaður í hvoru liði sem ekki er ríkisborgari EES ríkis.

~~Erlendur ríkisborgari sem hefur búið á Íslandi samfelld í þrjú ár telst ekki sem erlendur leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ þar um. Staðfestingu KKÍ þarf til þess að leikmaður teljist með íslenskum ríkisborgurum. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendur leikmaður telst sem slíkur út leiktíðina og skal miða við fyrsta leik í móti á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppnir eða önnur mót/leikir á vegum KKÍ), nema að fenginni undanþágu stjórnar KKÍ.~~

~~Erlendum ríkisborgara er heimilt að sækja um undanþágu varðandi þriggja ára fasta búsetu til stjórnar KKÍ telji hann sig hafa fyrir því haldbær rök að hann sé búinn að skapa sér heimili til framtíðar á landinu.~~

Brjótí félag gegn grein þessari telst félag hafa notað ólöglegan leikmann og skal sæta viðurlögum samkvæmt 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Vísað til:  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
Afgreitt:  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 19 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

### Greinargerð:

Í upphafi árs 2022 var skipuð vinnunefnd stjórnar KKÍ til að skoða hvort breytinga væri þörf á grein 15 í reglugerð um körfuknattleiksmót, og skildi hún skila tillögu fyrir þing sem haldið yrði að vori 2023.

Vinnunefndin hóf samtal við liðin í efstu tveimur deildum karla og kvenna til að kanna hug félaganna til þessarar reglugerðar og greina út frá þeim samtölum hvort gera ætti breytingar.

Framlögð tillaga um breytingu á reglugerðinni er afrakstur þessarar vinnu. Það er mat nefndarinnar, eftir að hafa kynnt ítrustu samantekt á formannafundi og samtölum eftir það, að reglugerðin taki þeim breytingum frá gildandi reglugerð að fellt sé úr gildi það sem snýr að 3ja ára reglunni, hún alfarið tekin út. Eins er gerð sú breyting að sömu reglur gildi í efstu tveimur deildum karla og kvenna.

Vinnunefnd stjórnar KKÍ um málefni erlendra leikmanna

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld